

Fréttapistill frá forseta Íslands

10. febrúar 2020

Til hamingju, Hildur! Heillaóskir til hennar eru efst á lista núna og megi henni áfram farnast vel á sínum vettvangi. Í viðtali í morgun ræddi ég aðeins sigurgöngu hennar og má kynna sér það hér: <https://www.ruv.is/.../forseti-islands-sigur...>

Nýliðna viku hóf ég með hressum guðfræðinemum við Háskóla Íslands sem sóttu messu í Bessastaðakirkju og þáðu svo veitingar í Bessastaðastofu. Síðastliðinn þriðjudag afhentu tók ég við trúnaðarbréfum þriggja nýrra sendiherra. Allir búa þeir og starfa annars staðar á Norðurlönd en eru með Ísland í umdæmi sínu. Alltaf er fróðlegt að ræða við sendiherra, kynnast sjónarmiðum þeirra og kanna leiðir til að auka samskipti ef svo ber undir. Þetta átti við um þremmenningana sem komu á Bessastaði, sendiherra Armeníu, Malasíu og Írlands. Spannandi verður að fylgjast með gangi mála eftir hnífjafnar kosningar um helgina á Írlandi, grannríki okkar sem við ættum að sjálfsögðu að efla samskipti við.

Á miðvikudaginn var afhenti ég Menntaverðlaun atvinnulífsins á Menntadegi atvinnulífsins, árlegum viðburði sem Samtök atvinnulífsins standa að ásamt öðrum landssamtökum. Verðlaunin komu í hlut Orkuveitu Reykjavíkur. Þá fengu Samkaup aðra viðurkenningu, Menntasprotu atvinnulífsins.

Daginn eftir, fimmtudaginn 6. febrúar, hitti ég Ölmú Möller landlækni í bækistöðvum hennar, ásamt fulltrúum sveitarfélaga, stofnana og samtaka sem standa að Forvarnardeginum ár hvert. Mér hefur alltaf þótt gaman að taka þátt í þeim degi, hitta hress ungmenni í grunnskólum og framhaldsskólum og ræða við þau um nauðsyn þess að forðast fíkniefni og hvers kyns tóbaksnotkun og bíða a.m.k. í lengstu lög með að neyta áfengis – nota það aukna frelsi sem kemur með árunum til að efla sjálfan sig, setja sér göfug markmið og vinna að þeim, sýna samkennd og finna ánægjuna í því að verða öðrum að liði í samfélaginu. Við höfum náð ágætum árangri í forvarnarstarfi, svo góðum reyndar að eftir því er tekið í útlöndum og leitað eftir leiðsögn hér.

Síðastliðinn föstudag var svo í nægu að snúast. Þá flutti ég erindi á hátíðarmálþingi í Þjóðminjasafni Íslands í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá opnun Vísindavefjar Háskóla Íslands. Vísindavefurinn er frábært fyrirbæri og ég er stoltur af mínu takmarkaða framlagi þar – fráleitt jafnast það þó við þann afkastamesta á þessum vettvangi í hópi okkar sagnfræðinga, Gunnar heitinn Karlsson. Yfirskrift málþingsins var „Falsfréttir og vísindi“ og má lesa ávarp mitt hér: https://www.forseti.is/.../2020_02_07_visindavefur_hi_20...

Í erindinu sagði ég m.a.: „Vísindavefurinn er því líka ofinn til varnar sérþekkingu, til varnar vísindalegum vinnubrögðum. Illu heilli virðast furðu margir vilja gera lítið úr þeim grunnstöðum um okkar daga, stjórnámamenn, álitsgjafar og aðrir sem vilja hafa áhrif í ys og þys samtímans. Við þurfum þess vegna að standa vörð um sérhæfingu og þekkingu, ekki með valdboði og ekki með menntahroka, heldur með því að láta verkin tala, leyfa ólíkum, rökstuddum sjónarmiðum að heyrast, vera opin

fyrir nýjungum og miðla fjölbreyttum rannsóknum og niðurstöðum. Og vísindavefurinn er ofinn til varnar hófstílltri umræðu, kurteisi í mannlegum samskiptum. Á vísindavefnum finnst ekki fúkyrðaflaumur, þar finnst ekki nafnlaust nið.“

Frá Þjóðminjasafninu, heimavelli liðinnar tíðar, lá leiðin í Hörpu þar sem horft var fram á veg. Þar hlotnaðist mér sá heiður að afhenda Upplýsingatækniverðaðun UT-Messunnar sem Ský, Skýrslutæknifélag Íslands, stendur að ár hvert ásamt HÍ og HR og öðrum samstarfsaðilum. Marel hlaut verðlaunin að þessu sinni fyrir framsýni og góðan árangur í áralangri nýsköpun.

Að kvöldi buðum við Eliza svo gesti velkomna á Bessastöðum. Okkur er mikil ánægja að hafa ár hvert opið hús á Safnanótt. Alltaf hlýnar manni um hjartarætur að taka á móti gestum sem hafa gjarnan á orði hversu vænt þeim þyki að sækja staðinn heim. Gildir þá einu hvort leikskólakrakkar eiga í hlut eða eldri borgarar sem koma í fyrsta sinn að Bessastöðum. Starfsfólk embættisins vinnur þetta kvöld við leiðsögn og aðra aðstoð en þar að auki njótum við liðsinnis nemenda nokkurra framhaldsskóla – FG, MK, MR og Verzló – auk nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Í fyrradag lauk vikunni svo með virðulegri og merkilegri stund, Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Ég vil endilega halda því til haga hversu mikinn metnað og alúð forystusveit félagsins og aðrir, sem að viðburðinum koma, sýna við undirbúning og framkvæmd hans. Þeir nýsveinar voru heiðraðir, sem sköruðu fram úr í námi sínu, og meistara þeirra sömuleiðis. Þá voru heiðursiðnaðarmenn ársins tilnefndir og þá sæmd hlutu að þessu sinni hjónin Jófríður Benediktsdóttir og Hafliði Aðalsteinsson.

Ég flutti hátíðarávarp sem lesa má hér:

https://www.forseti.is/.../5800/2020_02_08_nysveinahatid.pdf og sagði þar m.a.: Menntun, hvað er nú það? Menntun og menning eru náskyld. „Menning er að gera hlutina vel.“ Svo mælti Þorsteinn Gylfason heimspekingur seint á síðustu öld og þetta eru auðvitað orð að sönnu. Menning er líka víðsýni og menning er umburðarlyndi. Menning er framsýni frekar en doði vanans. Og menning er fjölbreytni.“

Ég get ekki lokið þessum pistli án þess að nefna nokkra þætti í dagskrá Elizu í nýliðinni viku sem tengjast embættinu beint eða óbeint. Hún hélt til Barselóna og sat þar bókmenntahátíðina BCNegra. Ísland skipaði þar heiðursress og tók Eliza m.a. þátt í pallborðsumræðum með Yrsu Sigurðardóttur glæpasagnahöfundu. Rétt eftir heimkomuna hélt hún til Akureyrar og sótti athöfn þar sem því var fagnað að Akureyrarbær er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi sem gerist „heilavinabær“, eða Styðjandi samfélag fyrir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra. Eliza er verndari Alzheimersamtakanna á Íslandi og ég hvet alla, sem á því hafa tök, að styðja starf þeirra, til dæmis með kaupum á fyrirtaks buffi þeirra, sjá nánar hér:

<https://www.alzheimer.is/netverslun.../hofudklutur-buff>. Loks varð Eliza þess

heiðurs aðnjótandi að kasta pökknum við upphaf leiks hér á landi á hvatningardegnum Stelpur spila íshokki sem íshokkísambönd um víða veröld stóðu að. Um þetta allt saman má fræðast nánar á heimasíðu hennar,

<https://www.facebook.com/elizajeanreid>.

Ég óska ykkur öllum gæfu og gengis.

